

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 281/2022

2023/EES/35/05

frá 28. október 2022

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/954 frá 12. maí 2022 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) nr. 183/2014 að því er varðar tilgreiningu á útreikningi á sértækum og almennum leiðréttingum á útlánaáættu ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 14ah (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 183/2014) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32022 R 0954:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/954 frá 12. maí 2022 (Stjtið. ESB L 165, 21.6.2022, bls. 24).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/954, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. október 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. október 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 165, 21.6.2022, bls. 24.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.